



49. ÁRSÞING

Landssambands hestamannafélaga


*haldið á Akureyri
30. og 31. október 1998*

SKÝRSLA STJÓRNAR

starfsárið 1997 – 1998

og

reikningar ársins 1997





49. ÁRSPING

Landssambands hestamannafélaga

*haldið á Akureyri
30. og 31. október 1998*

SKÝRSLA STJÓRNAR

starfsárið 1997 – 1998

og

reikningar ársins 1997

Efnisyfirlit skýrslu stjórnar LH 1997 – 1998

	bls.
Skýrsla stjórnar.....	1
Skýrsla ferða- og samgöngunefndar.....	3
Skýrsla útbreiðslu- og kynningarnefndar.....	7
Skýrsla mannvirkjanefndar.....	9
Skýrsla æskulýðsnefndar.....	10
Skýrsla Gæðingadómarafélags LH.....	13
Skýrsla landsliðsnefndar.....	15
Skýrsla íþróttadómaranefndar.....	16
Skýrsla dómaranefndar FEIF.....	17
Fjárhagsáætlun 1999.....	18
Fjárhagsáætlun 2000.....	19
Ársreikningar 1997.....	20

1. Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga starfsárið 1997 – 1998.

Aðalstjórn:	
Formaður:	Birgir Sigurjónsson
Varaformaður:	Jón Albert Sigurbjörnsson
Ritari:	Halldór Gunnarsson
Gjaldkeri:	Sigurgeir Bárðarson
Meðstjórnendur:	Sigrún Ólafsdóttir Sigríður Sigþórsdóttir Bergur Jónsson
Varastjórn:	Sigurður Ragnarsson Sigfús Helgason Oddný Jónsdóttir Sigurður Marínusson Haraldur Þórarinnsson

Á starfsárinu voru haldnir 14 formlegir stjórnarfundir en að auki sátu stjórnarmenn fjölda annarra funda fyrir hönd samtakanna. Varastjórn er boðuð á alla formlega stjórnarfundum og tekur þátt í afgreiðslu mála.

Sameiningarmálin settu eðlilega mikinn svip á störf stjórnarinnar. Einnig fór mikill tími í umfjöllun um landsmótið á Melgerðismelum svo og fyrirhugað landsmót árið 2000 í Reykjavík. Óvissa ríkti lengi vel um hvort landsmótið á Melgerðismelum yrði haldið vegna hinnar svokölluðu hitasóttar sem gekk yfir landið. Stjórnin reyndi eftir föngum að beita sér í þessum málum með hagsmuni hestamanna að leiðarljósi, hvort heldur í dreifbýli eða þéttbýli. Gott samstarf var við yfirdýralækni um þessi mál og margir samráðsfundir haldnir þar sem skipst var á skoðunum. Stjórn LH beitti sér einnig fyrir samráðsfundi hagsmunaaðila sem reyndu að hafa samstöðu sín í milli á þessum erfiðu tímum.

Skrifstofa samtakanna var flutt frá Bændahöllinni í Íþróttamiðstöðina í Laugardal, en þar tók LH um 100m² húsnæði á leigu. Kostir þess að hafa svo góða fundaraðstöðu sem þarna er hefur mjög vel komið í ljós því nánast hvern einasta dag eru einhverjir nefndarfundir eða aðrir fundir sem snerta hagsmuni samtakanna haldnir þar. Búnaður skrifstofunnar var einnig talsvert endurnýjaður til að mæta betur kröfum um þjónustu og um leið auka hagkvæmni, þar sem ýmis verkefni sem þurft hefur að fá gerð annars staðar verða nú unnin af skrifstofunni. Ný heimasíða LH er að líta dagsins ljós um þessar mundir. Ætlunin er að allar helstu upplýsingar um starfsemina verði uppfærðar reglulega, hverjir sitja í stjórn samtakanna, helstu starfsnefndir og verksvið þeirra, listi yfir öll hestamannafélög og formenn þeirra osfrv. Verið er að taka í notkun tölvu-fjárhagsbókhaldskerfi þannig að bókhald verður fært á skrifstofu LH í framtíðinni. Þannig mætti lengi telja um þá endurskipulagningu sem verið er að vinna að og aðlögun að nýju umhverfi í kjölfar sameiningarinnar. Ljóst er að mikið vinnuálag er á skrifstofunni nú en stjórn LH og starfsfólk telur að jafnvægi komist á þegar

sameiningarferlinu verður lokið. Samstarf við íþróttahreyfinguna og forustumenn hennar hefur verið með miklum ágætum á starfsárinu og engin ástæða til að ætla annað en svo verði í framtíðinni. Þó nokkur hestamannafélög hafa ekki lokið við að gera nauðsynlegar lagabreytingar og í framhaldi sækja um aðild að héraðs- og/eða íþróttabandalagi. Stjórnin hefur í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna ákveðið að hann muni aðstoða félög við að ganga frá sínum málum. Því er eindregið beint til hestamannafélaganna að notfæra sér þessa þjónustu sem fyrst.

Þær breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi LH að Sigurður Þórhallsson og Ingibjörg Magnúsdóttir fyrrum starfsmenn LH og Sigrún Sigurðardóttir fyrrum starfsmaður HIS létu öll af störfum á árinu og eru þeim þökkúð mikil og góð störf á liðnum árum. Núverandi starfsmenn eru Hallgrímur Jónasson og Sigrún Ögmundsdóttir, stöðugildin á skrifstofunni eru eitt og hálf.

Flutningur skrifstofunnar, breytingar á starfsmannahaldi, málefni tengd sameiningu samtakanna, endurnýjun búnaðar og skipulagsbreytingar munu gera það að verkum að rekstur LH verður mun kostnaðarsamari á yfirstandandi fjárhagsári en eðlilegt væri. Ávinningurinn á hins vegar eftir að koma í ljós á komandi árum. Fjárhagsáætlun næsta árs gerir ráð fyrir sömu árgjöldum félaga og á yfirstandandi rekstrarári en síðan er stefnt að lækkingu þeirra í fjárhagsáætlun fyrir árið 2000. Stjórn LH telur að nokkur ár muni taka að treysta fjárhagsgrundvöll samtakanna með öðrum tekjum en að gjöldin verði lækkuð í áföngum á næstu árum. Þarna felst nokkur áhætta varðandi rekstur LH í framtíðinni en stjórnin telur að rétt sé að á það verði látið reyna hvort annað sjálfaflafé fæst til rekstrarins. Það er skoðun stjórnar LH að rangt væri að stefna að samdrætti í rekstri samtakanna og að slík ákvörðun myndi bitna á allri hreyfingunni. Þar er ekki átt við mótahald eða aðrar sýningar heldur frekar hagsmuni sem lúta að skipulagsmálum, reiðvegamálum og almennum réttindum hestaáhugafólks í víðu samhengi svo eitthvað sé nefnt af því sem öflug starfsemi samtaka okkar þarf að sinna.

Erlend samskipti eru einnig sífellt að aukast með fjölgun íslenska hestsins á erlendri grund. LH þarf að hafa frumkvæði hvað varðar félagsleg samskipti, að kynbótadómar og reglur um keppni verði samræmdar milli landa. Að koma á samböndum og/eða samstarfi milli félaga um íslenska hestinn í öðrum löndum og hestamannafélaga innan LH. Það er eins í öðrum löndum og hér á landi að mikill meirihluti hestaáhugafólks eru frístundareidmenn og því án efa fræðandi og skemmtilegt að koma á slíkum kynnum.

Stjórnin hefur skipað nefnd sem hefur það verkefni að samræma reglugerðir samtakanna og undirbúa útgáfu þeirra. Þegar liggur talsverð undirbúningsvinna fyrir en fjöldi tillagna liggur fyrir þessu þingi um breytingar á keppnisreglum og því er ætlunin að samþykktir þingsins verði aðlagðar og nýr bæklingur "Lög og reglur LH" verði gefin út í byrjun apríl n.k. eða fyrir næsta keppnistímabil. Þar verði t.d. sérkaflar um gæðingakeppni, annar um íþróttakeppni, sá þriðji um kappreiðar og ein reglugerð um aga- og refsímál, ein reglugerð um félagaskipti osfrv.

Stjórnin hefur einnig tilnefnt í þrjár ráðherraskipaðar nefndir. Sigríði Sigþórsdóttur í nefnd um reiðvegamál, sem miklar vonir eru bundnar við. Birgi Sigurjónsson í nefnd um áningahólf og Hallgrím Jónasson í nefnd um umhverfis- og beitarmál. Ætlast er til að allar þessar nefndir vinni hratt og að tillögur þeirra komi til afgreiðslu ríkisstjórnar og alþingis á næstu mánuðum.

Hlutfélag hefur verið stofnað um rekstur Landsmóts 2000 með þátttöku LH og hestamannafélaganna á Suðurlandi. Ekki er vafi á að það rekstrarform er komið til að vera varðandi stórmótahald vilji félögin á annað borð gera sér fyrirfram grein fyrir þeirri fjárhagsáhættu sem fylgin er í þátttöku.

Hestamannafélag hefur verið stofnað í Vestmannaeyjum með aðild að ÍBV, LH og ÍSÍ. Nafn þess er íþrótt- og hestamannafélagið Gáski. Við bjóðum félaga okkar í Vestmannaeyjum velkomna í samfélag hestamannafélaga og væntum góðs samstarfs við þá í framtíðinni. Formaður hins nýja félags er Valur Örn Gíslason.

Stjórn LH leggur fram á þessu þingi tillögu um að tímaritið Hesturinn okkar verði sameinaður tímaritinu Eiðfaxa. Með tillögunni er greinargerð sem vonandi skýrir það mál. Hesturinn okkar var þýðingarmikið framfaraspor á sínum tíma og hafa verið gefnir út 39 árgangar tímaritsins, sem hafa ómetanlegt sögulegt gildi fyrir hreyfinguna alla. Með breyttum tímum varðandi fjölmiðlun er það mat stjórnarinnar að með sameiningu tímaritanna hafi LH áfram möguleika á að koma á framfæri upplýsingum og fréttum af starfseminni og um leið verði treystur grundvöllur vandaðs tímarits fyrir hestaáhugafólk. Öllum þeim sem í gegnum árin hafa unnið að útgáfu Hestsins okkar skal hér sérstaklega þakkað.

Stjórnin leggur einnig til að landsþing LH verði haldin annað hvert ár, ekki er sú umræða ný af nálinni en kostnaður samtakanna og félaganna við árleg þing, ásamt því að möguleikar til að dreifa upplýsingum hafa gjörbreyst á síðustu árum.

Framundan er hálfrair aldar afmæli LH á næsta ári og verður þess án efa minnst með ýmsum hætti, svo sem vera ber. En á slíkum tímamótum er einnig hollt að líta um öxl, skoða hvort við höfum gengið götuna til góðs. Ótrúlegur stórhugur frumherjanna sem vörðuðu leiðina hlýtur að verða okkur öllum hvatning til að standa saman um samtök okkar og efla þau í framtíðinni.

Stjórn LH þakkar þeim fjölmörgu sem hafa starfað fyrir samtökin á liðnu starfsári.

2. Skýrsla Samgöngu- og ferðamálanefndar

Nefndina skipa Björn Sveinsson, Stíganda, Hermann Árnason, Kópi, Hjalti Jón Sveinsson, Þjálf, Ólafur Jónsson, Gusti, og Sigríður Sigþórsdóttir, stjórn LH, sem einnig er formaður. Þar sem starfsvið nefndarinnar breyttist við sameiningu LH og HÍS á 48. ársþingi var í upphafi starfsárs endurskoðað skipurit yfir störf hennar sem síðan var samþykkt af stjórn LH:

Almenn ákvæði:

Nefndin er skipuð af stjórn LH sem einnig skipar formann hennar. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og er fimm manna. Hún hefur ekki fjárveitingu frá LH, né leyfi án sérstakrar heimildar stjórnar til að gangast fyrir fjárhagslegum skuldbindingum af neinu tagi. Nefndinni er heimilt að kalla til sérfræðinga í einstökum málum. Sé stofnað til útgjalda samfara slíkum aðgerðum skal þó fyrst leita

heimildar stjórnar LH með framlagðri kostnaðaráætlun. Formaður nefndarinnar skal gera stjórn LH grein fyrir störfum hennar tvisvar á ári. Formaður skal skila ársskýrslu til framkvæmdastjóra samtakanna mánuði fyrir landsþing ár hvert.

Starfslýsing - verkefni:

Nefndin skal skipuð a.m.k. fimm fulltrúum. Æskilegt er að hver landsfjórðungur eigi fulltrúa í henni. Hlutverk nefndarinnar er að sinna samgöngu- og ferðamálum félaga í LH og gæta hagsmuna þeirra í skipulags- og vegagerðarmálum. Nefndarmönnum er ætlað að vaka yfir þessum málaflokkum í sínu heimahéraði, vera tengiliðir milli stjórnar og trúnaðarmanna LH varðandi reiðvegagerð. Nefndarmenn skulu tryggja að kunnugir aðilar á viðkomandi svæðum fylgist með skipulagsvinnu sem er í gangi hverju sinni og varði þannig réttindi hestamanna. Nefndin skal vinna tillögur um úthlutun á reiðvegafé fyrir stjórn LH.

-skipulagsmál:

Formaður nefndarinnar skal í upphafi starfsárs kynna sér hjá Skipulagsstjóra ríkisins hvaða landshlutar og svæði eru í vinnslu fyrir svæðis-, aðal-, og deiliskipulag, og kynna það fyrir öðrum nefndarmönnum.

-reiðvegagerð:

Nefndin skal vinna skv. fyrirbyggjandi starfslýsingu varðandi samskipti umdæmisverkfræðinga Vegagerðarinnar og trúnaðarmanna LH í samvinnu við vegamálastjóra.

Formaður skal í upphafi kynna sér áætlanir um vegaframkvæmdir hjá Vegagerðinni og kynna það öðrum nefndarmönnum og trúnaðarmönnum LH.

Eftirfarandi mál skulu vera áhersluatriði á komandi starfsári:

-vinna tillögu fyrir stjórn LH um úthlutun á reiðvegafé.

-Reglugerð um starfssvið:

Nefndin skal vinna upp reglugerð yfir starfssvið sitt og leggja fyrir stjórn LH.

Nefndin hefur starfað skv. ofangreindu skipuriti á liðnu starfsári auk eftirfarandi mála:

- í ferða- og umhverfismálum:

Lokið var við útgáfu veggspjalds á vegum nefndar sem stofnuð var s.l. ár, með leiðbeiningum fyrir ferðamenn á hestum sem dreift var til allra félaga í LH og sett upp á helstu áningarstöðum á leiðum um fjalllendið. Bændasamtök Íslands styrktu þessa útgáfu. Nefndina sátu: Einar Bollason, Ragnar Franklín Kristjánsson og Sigríður Sigþórsdóttir. Umhverfismálin eru nú í höndum Landnýtingar-og umhverfisnefndar skv. nýrri nefndarskipan LH eftir 48. ársþing.

-skipulagsmál.

Nefndarmenn hafa verið til aðstoðar og fylgst með svæða-og aðalskipulagsvinnu víða um landið, hver á sínu svæði. Þá hefur nefndin að eigin frumkvæði haft samband við fulltrúa hlutaðeigandi félaga víða um land vegna skipulagstillagna í Lögbirtingablaðinu sem auglýstar voru til umsagnar. Enn ríkir sá misskilningur víða

að það þurfi að liggja fyrir samþykki landeiganda fyrir skipulagsgerð. Skipulagsuppdráttir eru fyrst og fremst löggild yfirlýsing viðkomandi sveitarfélags um ráðstöfun á landi til framtíðar lítið. Því er afar brýnt að fulltrúar hestamannafélaganna gefi ekki eftir kröfur á reiðvegum, þar sem þeir teljast nauðsynlegir, til að tryggja rétt sinn. Á framkvæmdarstigi er það síðan á hendi sveitastjórna/ Vegagerðarinnar að leysa eignaraðildina og ákveða endanlega legu reiðveganna.

-reiðvegamála:

Nefndin hafði afskipti af reiðvegagerð frá Nesjavöllum til Þingvalla og undirgöngum við Akranes í samvinnu við Mannvirkjanefndar LH.

Sameiginlegur fundur með öllum starfandi trúnaðarmönnum LH var haldinn á vordögum.

Vegamálastjóri mætti á fundinn og sat fyrir svörum. Var almenn ánægja með fundinn sem var vel sóttur. Töldu fundarmenn mikilvægt að hittast og bera saman bækur sínar, ekki síst um samskipti við umdæmisverkfræðinga í hverju umdæmi. Skipurit um samskipti vegagerðarinnar og fulltrúa LH var rætt við góðar undirtektir vegamálastjóra. Þá voru einnig teknar til umræðu skriflegar fyrirspurnir frá fyrra ári til Vegagerðarinnar. Þær fyrirspurnir skyldu varpa ljósi á hvernig hún túlkar skyldur sínar til reiðvegagerðar m.a. með tilliti til gildandi skipulagsuppdráttar. Formleg afgreiðsla hefur ekki borist enn.

Á Landsmóti 98 að Melgerðismelum sagði samgöngumálaráðherra, Halldór Blöndal m.a. í hátiðarræðu sinni: “.....ég hef ákveðið að nú skuli rækilega athugað hver skuli vera staða hestamanna og reiðvega í framtíðinni. Í þeirri endurskoðun þarf m.a. að huga að eftirfarandi atriðum; flokkun og skráningu reiðvega, skipulagsmálum, umferðaröryggi, réttarstöðu reiðvega, réttarstöðu landeiganda, réttarstöðu fornra reiðleiða, tilhögun framkvæmda; gerð og búnaði reiðvega; þátttöku og ábyrgð aðila s.s. ríkis, sveitarfélaga, hestamanna og landeiganda í gerð og viðhaldi reiðvega, fjármögnun reiðvegagerðar”.

Ennfremur sagði ráðherra:” Skipulagsmálin verði tekin föstum tókum og reiðvegum þannig ætlaður ákveðinn sess í okkar umhverfi og landi. Vegagerðin er nú með í undirbúningi tillögur að þessu efni sem verða lagðar fyrir þá sem málið skipta; bændasamtökin, skipulagsyfirlögd, landeigendur, sveitarfélög, samtök hestamanna”

LH barst eftirfarandi erindi frá samgönguráðuneytinu, dags. 19. október 1998 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa LH í nýskipaða nefnd er varðar þennan málaflökk.

“Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd er hafi það verkefni að skýra og endurskoða þær reglur sem gilda um reiðvegi. Inn í þá endurskoðun komi m.a. hvernig staðið skuli undir kostnaði við viðhald og lagningu reiðvega. Kveðið skal á um stöðu reiðvega í deili- og heilarskipulagi og hver sé réttur hestamanna. Höfð skal hliðsjón af umhverfissjónarmiðum við störf nefndarinnar. Formaður nefndarinnar verður Jón Rögnvaldsson, aðstoðarvegamálastjóri”

Það er mikið fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld skuli nú eftir áralanga baráttu áhugamanna um þennan mikilvæga málaflökk vera tilbúin til samstarfs. Markmiðið hlýtur að vera að reiðvegir hljóti sömu réttarstöðu og faglega umfjöllun sérfræðinga sem og önnur vegagerð í landinu.

-úthlutun reiðvegafjár:

Nefndin hélt þrjá fundi vegna þessa málaflokks. Eftirfarandi upplýsinga var óskað á umsóknareyðublaði til viðbótar við eldra eyðublað:

-skriflegt samþykki sveitarstjórna, liggi samþykkt skipulag ekki fyrir.

-undirskrift trúnaðarmanns í viðkomandi umdæmi.

Þar er verið að koma til móts við athugasemdir frá umdæmisverkfræðingum Vegagerðarinnar en þeir telja sig oft illa upplýsta um áform hestamannafélaganna varðandi reiðvegagerð.

Umsóknir um reiðvegafé 1998 bárust frá 25 félögum. Alls var sótt um 33.100.000.-kr. Samgöngu – og ferðanefnd lagði til að reiðvegafé, samtals 11 milljónum væri úthlutað sem hér segir:

Félag:	Umsókn:	Úthlutun:
---------------	----------------	------------------

Reykjanesumdæmi:

Félögin á höfuðborgarsvæðinu

(Andvari, Gustur, Fákur, Hörður, Máni, Sóti, Sörli)

kr: 3.500.000.-

kr: 2.500.000.-

Lagt er til að reiðveganefnd svæðisins ráðstafi upphæðinni innan síns svæðis.

Ekki er tekin ábyrgð á framkvæmdum sem fjárfest er í umfram úthlutun ár hvert.

Suðurlandsumdæmi:

Ljúfur, Hveragerði og Ölfusi.

kr: 1.200.000.-

kr: 500.000.-

Geysir, Rang.

kr: 1.000.000.-

kr: 300.000.-

Kópur, V-Skaft.

kr: 600.000.-

kr: 0

Skv. yfirliti frá Vegagerðinni er innistæða frá 1996-1997 að upphæð: 525.000.-

Logi, Biskupstungum

kr: 3.500.000.-

kr: 0

Um er að ræða reiðleið meðfram þjóðvegi sem lagður var bundnu slitlagi 1996-1997. Nefndin telur að leita skuli til Vegagerðarinnar varðandi lagningu viðkomandi reiðleiðar.

Sleipnir, Selfoss og nágrenni

kr: 2.100.000.-

kr: 500.000.-

Smári, Hreppum Árn.

kr: 800.000.-

kr: 400.000.-

Trausti, Laugardal

kr: 2.500.000.-

kr: 800.000.-

Vesturlandsumdæmi:

Skuggi, Borgarnesi

kr: 800.000.-

kr: 300.000.-

Dreyri, Akranesi

kr: 1.500.000.-

kr: 700.000.-

Vestfjarðarumdæmi:

Stormur, Vestfj.

kr: 5.400.000.-

kr: 900.000.-

Lagt er til að 300.000.- af úthlutunarfé gangi til greiðslu á óuppgerðum reikningi frá 1998.

Norðurlandsumdæmi vestra:

Snarfari, Skagaströnd

kr: 1.000.000.-

kr: 700.000.-

Þytur, V-Hún.

kr: 1.500.000.-

kr: 0

Sótt er um framlag til reiðvegagerðar á einkalöndum, þar sem framkvæmdum þarf að ljúka að fullu til að reiðleiðin nýtist fyrir almennig.

Óðinn, A-Hún. Umsókn ófullnægjandi,	kr: ?	kr: 0
Stígandi, Skagafirði	kr: 1.500.000.-	kr: 700.000.-
Léttfeti, Sauðárkróki	kr: 1.700.000.-	kr: 700.000.-
Norðurlandsumdæmi eystra:		
Léttir, Akureyri	kr: 1.000.000.-	kr: 1.000.000.-
Taka skal fram að reiðvegafé sé eingöngu notað til reiðvegagerðar.		
Funi, Eyjafirði	kr: 1.000.000.-	kr: 1.000.000.-
Grani, Húsavík	kr: 2.500.000.-	kr: 0
Um er að ræða reiðleið í landi Húsavíkurbæjar. Nefndin telur að bæjarfélaginu sé skylt að sjá um reiðleiðir innan sinna marka, skv. skipulagslögum.		

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar um “viðmiðunarreglur vegna úthlutunar reiðvegafjár”, leggur nefndin áherslu á að skilafresti á umsóknum verði flýtt á árinu, m.t.t. hagkvæmasta framkvæmdatíma í jarðvinnuframkvæmdum.

-Þingsályktun frá 48. ársþingi LH 1997:

Visað var til nefndarinnar frekari úrvinnsla á “viðmiðunarreglum vegna úthlutunar reiðvegafjár” Nefndin leggur endurskoðaða tillögu fyrir 49. ársþing LH.

Sigríður Sigþórsdóttir

3. Skýrsla útbreiðslu- og kynningarnefndar

Útbreiðslu- og kynningarnefnd er ný nefnd innan LH, skipuð til tveggja ára. Skipað var í nefndina í febrúar sl. og sitja þar Sólveig Ólafsdóttir, Sörla, formaður, Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti, ritari, og Jón Albert Sigurbjörnsson, Fáki. Nefndin hefur komið reglulega saman og haldið hádegisfundi að meðaltali einu sinni í viku, enda verkefni ærin. Það yrði til að æra óstöðugan ef öll mál sem komið hafa til kasta nefndarinnar væru talin upp en meðal helstu verkefna nefndarinnar voru, og eru eftirtalin verkefni:

- Heimasíðugerð fyrir landssambandið. Nefndin kannaði ýmsa valkosti og lagði síðan tillögu fyrir stjórn LH. Stjórnin samdi síðan við Stak um heimasíðugerð og er ný heimasíða landssambandsins nú þegar komin í notkun en netfangið er <http://www.stak.is/lh>. Síðan verður svo uppfærð og aukin eftir þörfum og helstu atriði þýdd yfir á ensku.

- Nefndin og markaðsfulltrúi Félags hrossabænda, sendu bréf til Landafundanefndar þar sem við lýstum yfir áhuga hestamanna á að taka með einhverjum hætti þátt í hátíðahöldunum í Vesturheimi árið 2000. Einhvers konar svar barst við bréfinu fimm mánuðum seinna, en það virtist ótengt fyrirspurninni svo málið er enn í vinnslu.

- Meðal verkefna nefndarinnar var að gera tillögu um framtíðarrekstur tímaritsins

Hestsins Okkar. Við auglýstum eftir tillögum eða hugmyndum um rekstur blaðsins í Morgunblaðinu, DV, Eiðfaxa og í Hestinum Okkar. Tvö formleg erindi bárust og var málinu vísað til stjórnar. Liggur tillaga frá stjórn þessa efnis nú fyrir landsþinginu. Umræður urðu einnig um að breyta eða lagfæra lógó LH svo að það hafi beinni tilvísun í Ísland, þar sem sambandið er í alþjóðlegu samstarfi og því nauðsynlegt að tengja lógóið á einhvern hátt landinu. Málið er enn á umræðustigi en er þó eitthvað sem fljótlega þarf að taka ákvörðun um.

- Nefndin lét hanna og prenta sérstakt hjálmaveggspjald sem var kostað af sex styrktaraðilum sem bera hag hestamanna fyrir brjósti. Þessir styrktaraðilar eru: Slysavarnarfélag Íslands, Hestamaðurinn, Eiðfaxi, Vátryggingarfélag Íslands, Reiðlist og Baldvin og Þorvaldur. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. Við erum einnig sérstaklega þakklát varastjórnamanni LH, Sigurði Marínussyni, fyrir að lána okkur vangasvip sinn á veggspjaldið (svo ekki sé minnst á heilabúið!). Í framhaldi af því lögðum við tillögu um skipan sérstakrar öryggisnefndar fyrir stjórn LH, sem var samþykkt. Er það ætlun okkar að öryggisnefndin komi til með að fylgja þessu verkefni eftir og leggjum til að hafist verði handa við að láta gera myndband um hestamenn í umferðinni, sem verði sýnt á sjónvarpsstöðvunum.

- Nefndinni var falið að gera tillögur að úrbótum í tölvumálum landssambandsins. Með það í huga könnuðum við ýmis forrit sem eru í boði og leggjum fram hér á þinginu tillögu um að landsþingið samþykki að festa kaup á samræmdu tölvukerfi til nota á mótum LH sem tengt yrði gagnabanka Bændasamtaka Íslands, Feng. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hve mikil bragarbót yrði að slíku kerfi sem ekki myndi aðeins gagnast keppnismönnum og mótshöldurum, heldur einnig ræktendum, hesteigendum, útflytjendum, fjölmiðlum og áhugamönnum um hesta almennt.

- Nefndin fylgdi eftir vinnu útgáfunefndar HÍS og sótti um styrk til útgáfu handbókar um umgengni hestamanna við landið til Umhverfissjóðs Verslunarinnar (pokasjóðs). Við fengum 1 milljón króna í styrk en fyrir höfðu safnast 400.000 kr. í styrki frá Umhverfis- og Landbúnaðarráðuneytinu. Forvinna bókarinnar er langt komin og við gerum ráð fyrir að henni verði dreift endurgjaldslaust til skráðra félaga í hestamannafélögum LH um áramótin. Við erum í samningaviðræðum við ýmsa hagsmunaaðila sem hugsanlega munu aðstoða okkur við að fjármagna bókina en of snemmt er að greina frá þeim aðilum hér. Samhliða handbókinni er ætlunin að gefa út reiðvegakort í samvinnu við fyrirtækið Átak.

Þessi handbók er ákaflega metnaðarfullt verkefni og því mikilvægt að vel sé staðið að útgáfunni. Ætlun okkar er að útgáfu bókarinnar verði fylgt eftir með fundaherferð um landið, þar sem talsmenn landgræðslunnar, og fleiri hagsmunaaðila, geti svarað fyrirspurnum hestamanna.

Handbókin markar upphaf að landsátaki hestamanna í bættri umgengni við landið og tillitssemi við aðra ferðalanga og landeigendur enda er afar mikilvægt að það frumkvæðið komi frá okkur hestamönnum sjálfum en ekki með valdboði yfirvalda.

- Nefndin fékk leyfi Félags hrossabænda til að þýða bækling þeirra um íslenska hestinn en hann mun nýtast okkur sem almennt kynningarefni t.d. í skólum. Við höfum átt í óformlegum viðræðum við markaðsfulltrúa félagsins um samstarf í þessum efnum og horfum við þá sérstaklega til kynningar á íslenska hestinum og hestamennsku meðal skólabarna.

- FEI málin komu einnig inn á okkar borð, en LH er aðili að FEI (Federation Equestre Internationale) sem eru ólympísk alþjóðasamtök hestamanna með 116 þjóðir innanborðs sem skipt er í átta landfræðilega hópa. Við lögðum til að sendir yrðu fulltrúar á fund í okkar hópi (við erum í hópi með Bretlandi, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Hollandi, Írlandi, Lettlandi, Litháen, Noregi, Póllandi, Svíþjóð og Þýskalandi) sem haldinn var í Róm þann 6. október sl. og var það samþykkt. Formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri LH sóttu fundinn sem var mjög gagnlegur. Það er ljóst að ef við erum tilbúin að leggja vinnu og fjármagn í þátttöku okkar í FEI eru ákveðnir möguleikar þar fyrir hendi.

Meðal verkefna nefndarinnar á næsta starfsári eru m.a.:

- 50 ára afmæli LH á næsta ári
- Fækkun félagsmanna LH - hvernig er hægt að bregðast við?
- Erlend útgáfa á handbók um umgengni hestamanna við landið
- FEI málefni
- Semja reglugerð um áframhaldandi störf nefndarinnar.

F.h. útbreiðslu- og kynningarnefndar, Sólveig Ólafsdóttir

4. Skýsla mannvirkjanefndar LH

Mannvirkjanefnd LH var skipuð Jónasi Vigfússyni, formanni, Geirharði Þorsteinssyni, ritara, Ásgeiri Guðmundssyni, Bjarna Sigurðssyni og Sigurgeir Bárðarsyni.

Vegna hrossapestarinnar í fyrravetur var lítið um fundahöld, en verksvið nefndarinnar er smám saman að skýrast.

Nefndinni var falið af stjórn LH að hefjast handa um samningu reglugerðar um hönnun reiðvega. Fyrst og fremst hefur verið reynt að afla upplýsinga til viðmiðunar við það verk en samning reglugerðarinnar lítið farin af stað. Nefndin útbjó minnispunkta um stærðir reiðganga undir akvegi og hafði afskipti af þeim. Varðandi reiðvegagerðina, þá hefur ferða- og umhverfisnefnd einnig haft afskipti af henni og ef til vill er verkaskipting ekki nægilega skýr þar um, en áhugi er hjá báðum nefndum að auka amvinnu milli nefndanna. Nefndin fékk fyrirspurnir um skipulag hesthúsabyggða o.fl., sem hún reyndi að leysa úr. Þá má nefna það að ein fyrirspurn barst um gerð gæðingavallar til nefndarinnar auk þess sem einhverjar leiðbeiningar hafa verið gefnar í gegn um síma. Varðandi gæðingavelli þá er vert að minna á að tillaga mannvirkjanefndar um gerð þeirra var samþykkt á seinasta ársþingi LH, en þar er gert ráð fyrir að gæðingavöllur sé annað hvort A-, eða B-völlur og í greinargerð með tillögunni er það útskýrt að völlurinn sé þannig hannaður að hestur skuli lagður til skeiðs út úr beygjum og spenarnir séu hugsaðir til að enda skeiðspretti. Það voru því mikil vonbrigði að á fyrsta stórmóti sem haldið var eftir að þessar tillögur voru samþykktar, LM 1998, skyldi ekki hafa verið farið eftir þessari tillögu heldur hafi skeið verið sýnt á annari braut. Minnt er á að A-völlur hefur verið notaður á

Melgerðismelum í a.m.k. 15 ár og haldin á honum tvö fjórðungsmót og engin ástæða verið talin til breytinga fyrr.

Nefndin þakkar stjórn LH og starfsfólki á skrifstofu fyrr og nú ánægjulegt samstarf.

F.h. mannvirkjanefndar, Jónas Vigfússon

5. Skýrsla æskulýðsnefndar

Æskulýðsnefnd skipa Rosemarie Þorleifsdóttir Smára, Elín Magnúnsdóttir Sörla, Birna Hauksdóttir Faxe, Jóhanna Geirsdóttir Gusti og Steinnunn Gunnarsdóttir Geysi.

Störf æskulýðsnefndar eru komin í fastar skorður frá ári til árs. Þetta starfsár voru Elín og Rosemarie starfandi æskulýðsfulltrúar, en minna varð um störf þeirra á landsvísu vegna hitasóttarinnar. Þó náðist að halda hefðbundnar sameiginlegar uppákomur félaganna á suð-vesturhorninu; æskulýðsdag og árshátíð í febrúar hjá Mána, Sörla, Gusti, Andvara, Sóta, Faki og Herði. Þessi félög hafa haldið sameiginlegar uppákomur í mörg ár. Elín Magnúsdóttir hefur starfað sem æskulýðsfulltrúi á þessu svæði eftir því sem þörf krefur og hefur kallað æskulýðsfulltrúa á fundi til skrafs og ráðagerðar.

Rosemarie hefur kallað saman æskulýðsfulltrúa félaga austanfjalls til fundar árlega til að ræða sameiginlegar uppákomur. Stóð fyrir dyrum að halda sameiginlega árshátíð unglunga en það var ekki hægt vegna smithættu hitasóttarinnar sem var í fullum gangi á svæðinu.

Fyrirhugaðar ferðir Rosemarie út um landið til annarra félaga féllu einnig niður. En í öllum landshlutum væri æskilegt að æskulýðsfulltrúar nágrannafélaga hittust alla vega einu sinni á ári til að ræða stafsemina og skiptast á hugmyndum.

Æskulýðsnefnd er starfandi allt árið við að skipuleggja og starfa að málum unglunga. Nefndin kom oft saman til fundar út af ýmsum málum og átti Youth Cup og Norðurlandamótið drjúgan skerf af þeim tíma.

Fræðsla:

Að venju sá nefndin um ráðstefnu fyrir æskulýðsfulltrúa félaganna og alla þá sem áhuga hafa á málefnum unglunga. Þema ráðstefnunnar var: Hvar kreppir skórinn að í unglingastarfi hestamannafélaganna. Margir góðir fyrirlesarar voru fengnir til að fræða okkur og varpa fram umræðuefni til skoðanaskipta. Fámennt en góðmennt var á ráðstefnunni, örugglega setti hitasóttin strik í reikningin. Ráðstefnugestir voru mjög ánægðir, úr varð góður vinnuhópur og fóru allir heim fróðari og fullir áhuga. Markmiðið með ráðstefnunni er að æskulýðsfulltrúar félaganna fræðist um málefni unglingastarfsins, miðli fróðleik og hugmyndum og skiptist á skoðunum og reynslu.

Nefndin hefur yfir að ráða ýmis konar fræðsluefni og útbúin hefur verið ágæt

kennslumappa fyrir byrjendur í hestamennsku og fyrir leiðbeinendur heima í félögunum. Mörg hestamannafélög eiga þessa möppu en hún er uppseld hjá okkur. Þeir sem hafa áhuga á að eignast hana sendi inn umsókn til skrifstofu LH. Einnig höfum við útbúið ágætt fræðsluefni um hestinn til kynningar í skólum og skólabókasöfn hafa sýnt því áhuga.

Æskulýðsfulltrúum er einnig ljúft og skylt að fara út í félögin til þeirra sem þess óska og aðstoða við uppbyggingu starfsins.

Bréf:

Nefndin hefur sent bréf til hestamannafélaga af og til um þau málefni sem varða unglingastarf. Allt of oft vill það koma fyrir að þessi boð berast ekki æskulýðsfulltrúum. Einlæg ósk nefndarinnar er að stjórn félaganna sendi til skrifstofu LH hverjir eru formenn æskulýðsnefnda hverju sinni svo ekkert fari á milli mála.

Nefndin fylgist eins og hægt er með keppni og mótum sem börn, unglingar og ungmenni taka þátt í, til að gæta hagsmuna þeirra. Ýmsir hafa samband við nefndarkonur um þetta sem er mjög gott.

Merki æskulýðsstarfsins:

Æskulýðsstarf LH hefur eignast merki fyrir starfsemina. Það hefur lengi verið draumur nefndarinnar að hafa sérstakt merki æskulýðsstarfsins til að setja á hluti til minja um samkomur og heimsóknir. Listamaðurinn Baltasar hannaði merkið sem var fyrst notað á Youth Cup á Íslandi. Þetta merki eru tvö ungmenni með hest á milli sín. Í sumari var það á grunni FEIF merkisins, en framvegis hugsum við okkur það á grunni sem er hestur á fleygiferð – svartar útlínur á rauðum grunni. Vonandi koma hugmyndir um skemmtilega hluti eða fatnað til að merkja með þessu fallega merki. Einnig gott slagorð fyrir unglingastarfið.

Æskulýðsmót:

Nokkur æskulýðsmót voru haldin á vegum félaganna í sumari, þar sem eitt og fleiri félög stóðu að þeim. Nokkur félög höfðu samband við nefndina um að útvega leiðbeinendur á mótin og var það gert.

Youth Cup haldið á Gaððstaðafliðum við Helli, 13 - 19 Juli 1998:

Framkvæmdanefnd: Rosemarie Þorleifsdóttir Sigurgeir Bárðarson Elín Magnúsdóttir Sigrún Ólafsdóttir og Haukur Kristjánsson. Undirbúningur: Rosemarie, Sigurgeir og Jóhanna Geirsdóttir, einnig kom Birgir Sigurjónsson formaður LH til aðstoðar. Aðrir nefndarmenn komu til starfa á sjálfu mótinu, auk Birnu Hauksdóttur og Steinunnar Gunnarsdóttur. Sigurgeir var gjaldkeri mótsins.

Sjötiú og tveir keppendur tóku þátt í mótinu frá 11 löndum. Ellefu keppendur frá Íslandi en 61 frá hinum löndunum 10; Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Canada, Bretlandi, Hollandi og Belgíu. Er þetta í þriðja sinn sem Youth Cup er haldið.

Við útveguðum 61 hest vel járnaða, með öllum reiðtygjum, 12 hesta og reiðtyggi af vesturlandi en aðra hesta af suðurlandi og reiðtyggi. Beðið var um hreingenga, góða hesta og góða í beislinu. Viljinn skifti ekki máli, við vildum hesta með allan vilja. Þetta tókst með eindæmum vel.

Már Adolfsson staðarhaldari keppnissvæðisins var starfsmaður mótsins sá um allan

undirbúning á svæðinu og aðstoðaði á meðan á mótinu stóð. Davíð Sigfússon sá um hestavörslu alla mótsdagana en auðveldast í framkvæmd var að hafa hestana í hesthúsum, sem fengin voru að láni hjá Geysisfélögum á Hellu.

Dagana sem mótið stóð yfir var blíðskaparveður og hjálpaði það til að mótið gekk mjög vel. Í Youth Cup reglum er keppt í 10 greinum og hver keppandi getur valið um minnst þrjár og mest fimm keppnisgreinar. Íslensku keppendurnir stóðu sig frábærlega vel, voru í efstu sætum í tölti, fjór- og fimmgangi. Einnig í hlýðni og sýningu með hest í taumi í gerði, sem er ný keppnisgrein fyrir okkur. Sú nýjung var á þessu móti að keppt var í að byggingardæma hross. Sú keppnisgrein vakti mikinn áhuga þátttakenda sem annarra. Íslensku unglingarnir sýna þessum keppnisgreinum mikinn áhuga og gætu hugsað sér að keppa í þeim hér á landi.

Ingibjörgu Guðmundsdóttur liðstjóra íslenska liðsins stóð sig sérstaklega vel og fékk hún fyrstu verðlaun fyrir liðstjórn.

Almenn ánægja var með mótið sem þóttist takast vel en alltaf kemur eitthvað uppá sem betur mætti fara en við reyndum eins og hægt var að leysa alla hnúta.

Norðurlandameistaramót í Hedeland í Danmörk 5-9 ágúst 1998:

Hvert land á rétt á að senda 5 unglinga að 16 ára aldri. Að þessu sinni fóru 5 unglingar frá Íslandi. Rosemarie var liðsstjóri unglingana og Sigurður Sæmundsson liðstjóri fullorðinna.

Unglingarnir fóru allir út nokkrum dögum fyrir mót; til Þýskalands, Svíþjóðar og Danmerkur, að kynna hestum sem þeir fengu til að keppa á. Sunnudaginn 2. ágúst voru allir mættir á mótsvæðið til að þjálfar og kynna keppnissvæðinu. Í Hedeland er ágætis aðstaða fyrir hestana en þeir voru geymdir í stíum en einnig voru beitarhólf til umráða. Allir knapar þurftu að hugsa um sína hesta, moka, gefa og hreinsa stíur,

Eins og á öllum mótum þar sem keppt er eftir FIPO reglum er mikil vinna á mótssstað við að fara með hesta í dýralæknisskoðun, fótaskoðun og járningar. Þiskar mældir og beislisbúnaður réttur, annars er dæmt úr leik. Hjálmar kannaðir og reyndust hjálmar íslensku unglinganna allir ólögmatir að mati dómara, þrátt fyrir að þeir væru þriggja punkta og sumir glænýjir. Nú skal standa C.E. í hverjum hjálmi til að hann sé löglegur hjá FIPO. Undirrituð gaf þetta þó ekki eftir og fengu unglingarnir að keppa með sína hjálma.

Þess má geta að við fórum með unglingana á danskan reiðskóla þar sem þau fengu að spreyta sig í stórhestareiðmennsku við mikla kátínu, en einnig fengu þau smáhest til reiðar eða Shetlandpony. Þetta vakti mikla lukku meðal unglinganna.

Einnig var farið í skoðunarferð til Hróarskeldu, meðal annars í hina frægu Dómkirkju þar sem konungar Danmerkur eru greftraðir enn þann dag í dag.

Brottfarardag notuðum við tímann fram á kvöld í Tívoli. Unga fólkið lét ekki sitt eftir liggja þar að nota sem flest tæki og tól til að spreyta sig á.

Ferðin tókst í alla staði mjög vel og árangur keppenda ágætur. Flest voru í A og B úrslitum og Sigurður Straumfjörð varð Norðurlandameistari í tölti.

Góð samvinna var meðal þeirra sem aðstoðuðu keppendur og góður liðsandi meðal keppenda, liðstjóra og dómara og þakka ég þeim öllum góð kynni og gott samstarf.

Skýrslur félaganna:

Nefndin hefur farið þess á leit við félögin að þau sendi skýrslur um starfsemi félaganna fyrir unglinga. Á síðasta ári komu skýrslur frá 11 félögum og þökkum við

þeim kærlega fyrir góðar og skemmtilegar skýrslur. Með skýrslum þessum hefur nefndin betri yfirsýn yfir hvað er verið að gera fyrir unglingana vítt og breytt um landið og í ár höfum við fengið aðeins fleiri skýrslur en í fyrra, sem við metum mikils.

Verkefni framundan:

Halda áfram að kynna hestinn í skólum og vekja áhuga á honum. Fara í skólabókasöfn. Heimsækja félögin til að aðstoða við uppbyggingu á æskulýðsstarfi. Ráðstefna um æskulýðsmót í byrjun næsta árs. Eitt erlent mót er í boði; Youth Camp FEIF sem er æskulýðsmót FEIF, haldið í Danmörku 1999. Nefndin er að gæla við þá hugmynd að halda unglingakeppnismót með Youth Cup keppnisreglum í sumar.

Eins og sjá má eru ýmis verkefni á höndum æskulýðsnefndar. Við í nefndinni reynum að sinna öllum málefnum eins vel og við getum en eflaust er eitthvað sem betur mætti fara. Markmið okkar er að efla æskulýðsstarf á vegum hestamannafélaganna, þar er grasrótin og ef við nærum hana ekki verður afraksturinn lítill.

Alla aldursflokka, allt frá yngstu börnunum sem vilja vera með okkur í hestamennskunni þurfum við að hugsa um. Tillaga er komin fram um að kalla þau Ungana okkar (að 10 ára aldri) en ekki pollaflokk. Við verðum að hlúa að þeim og finna verkefni við þeirra hæfi.

Barnaflokkurinn 10-13 ára eru í góðum málum hjá okkur en við getum alltaf gert betur.

Unglingarnir, á sínu viðkvæma aldursskeiði, verðum við að hlusta á, hafa með í ráðum og finna alltaf eitthvað skemmtilegt til þess að þau vilji vera með okkur áfram. Þar má nefna kappreiðarnar, því er ekki mest gaman að ríða sem hraðast á þessum aldri. Hleypa.

Ungmenninn okkar þurfum við að vera vakandi með. Hugsa vel um félagslegu hliðina því að þau vilja oft verða útundan, sérstaklega þar sem fá ungmenni eru í hestamennsku í félögunum. Þar er verðugt verkefni að finna leið til að þau vilji vera með okkur og að þau fái að njóta sín.

Höfum í huga að unglingur er barn að 18 ára aldri.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að gera unglingastarfið öflugt og skemmtilegt.

Með kveðju, Rosemarie Þorleifsdóttir.

6. Skýrsla Gæðingadómarafélags LH

Stjórn gæðingadómarafélags L.H. 1997-1998 skipuðu: Þormar Ingimarsson, formaður, Guðni V. Jónsson, ritari María D. Þórarinsdóttir, gjaldkeri, Sigurbjörn Bárðarsson meðstjórnandi.

Samkvæmt lögum L.H. skal aganefnd skipuð formanni gæðingadómarafélagsins ásamt tveimur öðrum, sem stjórnin skipar, en þeir eru Jóhann Þorsteinsson frá Miðsitju og Fiðþjófur Þorkelsson í Mosfellsbæ.

Starfssvið nefndarinnar er að skera úr um ágreining sem upp kann að koma um túlkun

regluna um gæðinga- og unglingakeppni, að afgreiða kærur og kvartanir sem berast stjórn félagsins eða deildaformönnum, og að gæta þess að í heiðri séu hafðar þær reglur um dómara og dómstörf sem í gildi eru á hverjum tíma.

Gæðingadómarafélag L.H. skiptist í 6 deildir: Suðurlandsdeild, Suðvesturlandsdeild, Vesturlandsdeild, Norðvesturlandsdeild, Norðausturlandsdeild og Austurlandsdeild.

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnum hætti á þessu ári. Í byrjun árs var hafist handa við gerð myndbands fyrir árleg samræmingarnámskeið og var myndbandið unnið af kvikmyndafyrirtækinu FET hf. í samvinnu við stjórn félagsins. Útbúið var efni fyrir 1998 /1999 námskeiðin.

Landsdómaranámskeið var haldið í Reiðhöll Gusts og á Víðivöllum 15.maí og voru 11 þátttakendur og þar af einn frá Noregi. Af 11 próftökum stóðust 5. Leiðbeinandi var Sigurbjörn Bárðarson og viðmiðunardómarar auk Sigurbjörns þau Marjolyne Tiepen og Þormar Ingimarsson.

Í samvinnu við Hestamanninn í Ármúla var sent út jakkatilboð til allra félagsmanna og var því mjög vel tekið. Um 50 dómarar nýttu sér tilboðið og er nýtt samþykkt félagsmerki prentað á allar flíkurnar.

Á Landsmóti Hestamanna á Melgerðismelum í sumar komst á ágætis samvinna við framkvæmdastjóra mótsins um ýmis málefni er upp komu í byrjun þess. Mótið tókst með miklum ágætum. Aðstaða dómara á meðan mótinu stóð var í Sólgarði, félagsheimili sveitarinnar nokkrum kílómetrum sunnan við mótssvæðið. Þar var þokkalegasta aðstaða, þó þurftu nokkrir að sofa á dansgólfi hússins og gætti þar oft nokkurs ónæðis. Það er krafa nútímans að dómarar sem dæma hundruði hesta á nokkrum dögum hafi sérherbergi meðan á móti stendur.

Þann 16. 17. og 18. október 1998 var haldin Landsdómararáðstefna í húsnæði Í.S.I. í Laugardal. Þar ræddum við dómarar hringvöllinn, hönnun hans og það misræmi sem ríkir um hvernig riða eigi hringvöllinn. Framsögu hafði Jónas Vigfússon og upplýsti hann margt er kemur að hönnun hringvallar.

Á þessu þingi leggjum við fram tillögu um að Þ.laga völlum verði hinn staðlaði landsmótsvöllur. Þessi vallargerð uppfyllir að okkar mati flesta kosti fyrir sýningar á íslenska gæðingnum. Við teljum að til þurfi að vera einn hringvöllur sem almenn samstaða sé um og hafi samþykki landsþings L.H. Landsmótsstaðir verði síðan að uppfylla staðal um þennan völlum og fá hann samþykktan fyrir hvert landsmót.

Áhugi fyrir gæðingakeppni á meginlandi Evrópu og á Norðurlöndum fer sífellt vaxandi og er það ánægjulegt! Til okkar berast fyrirspurnir um hvernig haga beri dómstörfum og er beðið um myndbandsspólur og óskað eftir gæðingadómurum héðan frá Íslandi. Við teljum það mikið atriði að íslendingar hafi frumkvæði í þessu máli frá byrjun m.a. varðandi menntunarmál erlendra dómara.

Eins og áður sagði var í þessum mánuði haldin Landsdómararáðstefna og voru helstu dagskrárefnin, hringvöllurinn og málefnaleg umræða um störf dómara undir heitinu "Ómur brekkunar" blaðamennirnir Valdimar Kristinsson og Jens Einarsson héldu

framsögu og var málflutningi þeirra vel tekið. Tillögur til landsþings voru einnig unnar og liggja hér frammi einar 8 tillögur. Fráfarandi stjórn heiðraði þau Olí Amble og Sigurbjörn Bárðarson fyrir vel unnin störf í þágu félagsins undanfarin ár.

Nýja stjórn gæðinga-dómarafélagsins skipa:

Gísli Haraldsson form., Einar Örn Grant ritari, Ragnar Ingólfsson gjaldk., Helga Classen varam., Magnús Halldórsson varam. og Bergur Jónsson varam.

7. Skýrsla landsliðsnefndar

Í landsliðsnefnd voru skipaðir eftirtaldir: Jón Albert Sigurbjörnsson fromaður, Þröstur Karlsson ritari, Örn Karlsson, Sigurður Sæmundsson og Sigurbjörn Bárðarson.

Verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

1. Nokkur umræða var um lykil* að vali landsliðs vegna HM '99 sem verður í Rieden (í nágrenni Amberg) í Þýskalandi 1.-8. ágúst næstkomandi. Sá frábæri árangur sem náðst hefur á síðustu heimsmeistaramótum gefur ekki tilefni til mikilla breytinga en mikilvægt er að lykill og val á liðstjóra liggi fyrir um áramót.
 - 1) *Lykill að vali landsliðs á HM 1997
 - 2) keppandi: Samanlagður sigurvegari
 - 3) keppandi: Stigahæsti 5-gangari
 - 4) keppandi: Stigahæsti 4-gangari
 - 5) keppandi: Stigahæsti töltari
 - 6) keppandi: Sigurvegari í 250m skeiði á úrtöku þarf að hafa náð 23 sek. spretti á árinu. Ef þessi árangur næst ekki er það einvaldur sem velur þennan hest.
 - 7) keppandi: Valinn af landsliðseinvaldi
 - 8) keppandi: Valinn af landsliðseinvaldi
2. Norðurlandamót var haldið í Hedeland í Danmörku 5.-9. ágúst síðastliðinn. Mikill fjöldi áhorfenda var á mótinu og hefur áhugi bæði áhorfenda og keppenda á þessum mótum farið vaxandi.

Sigurður Sæmundsson tók að sér að velja og stýra landsliðinu og valdi hann 7 keppendur. Þá valdi unglinganefnd 5 yngri keppendur og var Rosemarie Þorleifsdóttir liðstjóri yngra liðsins. Árangurinn var nokkuð góður en styrkleiki þessara móta eykst ár frá ári. Landsliðsnefnd þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við að gera þetta að eftirminnilegu móti.
3. Undirbúningur vegna HM '99 í Þýskalandi er þegar hafinn og búið er að taka frá aðstöðu fyrir íslenska landsliðið. Einnig hefur verið rætt um fjáröflun í tengslum við mótið.

Lokaorð:

Næsta starfsár verður eflaust stærsta og mikilvægasta ár landsliðsnefndar frá upphafi. Kemur þar marga til. Mótssvæði það sem valið hefur verið til að halda HM '99 er í einu orði sagt stórkostlegt. Vellir, upphitunarsvæði, reiðhallir, hótél og veitingastaðir eru hreint með ólíkindum. Reiknað er með allt að 20.000 mótsgestum. Hestaiþróttar

og keppnismiðstöðin er þekkt sem reiðparadís Austur-Bæjaralands. Tveggja tíma akstur er frá München og hálf tíma akstur frá Nürnberg. Ostbayern reiðhöllin er 40x80 metrar að stærð og á staðnum eru þrjár til viðbótar sem eru 25x65 m og 20x40 m að stærð. Þessar reiðhallir og 250 hestastíur standa mönnum einnig til boða. Jafnframt er landslagið í þessum hluta Bæjaralands sérstaklega fagurt og alveg tilvalið til útreiða eða sumardvalar. Viðræður milli formanns landsliðsnefndar, aðstoðarmanns landbúnaðarráðherra og framkvæmdastjóra útflutningsráðs gefa miklar væntingar um að í tengslum við mótið verði veruleg kynning á vörum og þjónustu á svæðinu. Útflutningsráð hefur þegar tekið að sér verkefnið. Það verður að setja markið hátt fyrir þetta mót. Fimm gull af sjö mögulegum í hestaíþróttagreinum og fjögur gull af fimm mögulegum í kynbótasýningu náðust á HM í Noregi á síðasta ári og varla verður betur gert. Markmiðið verður að vera að ná ekki síðri árangri á þessu móti. Mjög mikilvægt er fyrir sölu og markaðsetningu á íslenskum hestum að vel takist til. Þetta verkefni verður mjög kostnaðarsamt og hvetur landsliðsnefnd alla áhugamenn um hestamennsku að leggja þessu stóra verkefni lið.

F.h. landsliðsnefndar; Jón Albert Sigurbjörnsson

8. Skýrsla Íþróttadómaranefndar

Stjórn íþróttadómaranefndar: Tómas Ragnarsson, formaður, Brigir Árnason og Eysteinn Leifsson skipaður af dómarafélaginu.

Störf dómaranefndar hafa verið með hefðbundnu sniði þetta starfsár. Sex samhæfingarfundir voru haldnir s.l. vor og var mæting í meðallagi. Dómaranefndin tilnefndi fjóra íslenska dómara til að þreyta alþjóðlegt próf í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu í Hannover s.l. vor. Árangur var óvenju slakur, einungis einn náði fullnaðarprófi og tveir féllu alveg. Tveir alþjóðlegir dómarar sóttur ráðstefnuna á eigin vegum. Einnig tilnefndi dómaranefnd þá Sigurð Kolbeinsson og Halldór Victorsson fulltrúa Íslands til dómstarfa á Norðulandamóti í Danmörku s.l. sumar. Sigurður Kolbeinsson var valinn yfirdómari mótsins. Ekki hefur annað heyrst en að þeir hafi staðið sig vel. Vitað er að íslenskir dómarar hafa farið all nokkuð til starfa erlendis á árinu án þess að það hafi farið í gegnum dómaranefndina.

Um störf dómara almennt er það að segja að þau hafa gengið upp og ofan og nokkuð verið um kvartanir á þessu ári.

64 íþróttadómarar voru virkir á árinu sem er nokkuð meira en undanfarin ár.

Að lokum vill dómaranefndin þakka öllum þeim fjölmörgu sem komið hafa að störfum og þeim sem hún hefur þurft að leita til um aðstoð.

Tómas Ragnarsson, formaður

9. Skýrsla Dómaranefndar FEIF

Í Dómaranefnd FEIF starfa: Ariella Wiether frá Hollandi, Marlise Grimm frá Þýskalandi, Rune Svendsson frá Noregi, Johannes Hojes frá Austurríki og Sveinn Jónsson frá Íslandi.

Aðalverkefni nefndarinnar er að undirbúa og sjá um Dómararáðstefnur sem haldnar eru á hverju ári, útskrifa nýja Alþjóðlega dómara, gefa út kennsluefni og yfirfara keppnisreglur í samráði við Sportnefnd FEIF.

Á starfsárinu 1997-98 hafa verið haldnir 6 fundir á Íslandi og Þýskalandi, auk Dómararáðstefnu, sem að þessu sinni var haldin í Hannover í Þýskalandi. Fulltrúar á ráðstefnunni frá Íslandi voru Pjetur N. Pjetursson og Einar Ragnarsson og voru þeir okkar landi til mikils sóma eins og vænta mátti.

Í þetta sinn voru sendir 4 dómara frá Íslandi til að öðlast réttindi sem Alþjóðlegir dómara. Aðeins Skjöldur Skjaldarson frá Búðardal stóðst prófið, með þryði. Ljóst er að undirbúningi próftaka var mjög ábótavant. Próf þetta er mjög erfitt.

Helsta verkefni Dómaranefndarinnar þetta árið er að búa til nýjar FIPO leiðbeiningar fyrir dómara "svokallaðan leiðara" sem á að auðvelda dómurum að ákveða hvaða einkunnir þeir eigi að gefa. Útgefin verður bæklingur með teikningum eftir Pétur Berens og seldur á vægu verði. Hann verður væntanlega tilbúin í mars 1999. Dómararáðstefnan á næsta ári verður haldin á Íslandi, væntanlega helgina 23. – 26. apríl 1999.

Að endingu vil ég þakka þann stuðning sem ég hef fengið frá Íslandi og leggjum meiri áherslu á hæga töltið sem er einstakt í heiminum.

Kveðja Sveinn Jónsson

FJÁRHAGSÁÆTLUN L.H. 1999.

TEKJUR

1. Árgjöld félaga:	
16 ára og yngri 1112 x 500	556.000 kr
17 - 69 ára 5837 x 1000	5.837.000 kr
2. Lotto tekjur	2.000.000 kr
3. Útbreiðslustyrkur	800.000 kr
4. Styrkir v/HM99	4.400.000 kr
5. Fjáröflun v/sérverkefna	1.000.000 kr
6. Aðrir styrkir og fjáröflun	1.200.000 kr

SAMTALS 15.793.000 kr

GJÖLD

1. Laun og launatengd gjöld	4.450.000 kr
2. Annar skrifstofukostnaður	1.800.000 kr
3. Akstur og ferðakostnaður	1.200.000 kr
4. Þing LH og fundir	1.050.000 kr
5. Erlend samskipti	600.000 kr
6. HM99 í Þýskalandi	4.400.000 kr
7. Námskeið og fræðsla	200.000 kr
8. Æskulýðsstarf	800.000 kr
9. Lyfjapróf	250.000 kr
10. Afskriftir og vextir	150.000 kr
11. Annar kostnaður	800.000 kr

SAMTALS 15.700.000 kr

Mismunur 93.000 kr

FJÁRHAGSÁÆTLUN L.H. 2000.

TEKJUR

1. Árgjöld félaga:

16 ára og yngri 1200 x 400	480.000 kr
17 - 69 ára 5900 x 850	5.015.000 kr
2. Lotto tekjur	2.000.000 kr
3. Útbreiðslustyrkur	800.000 kr
4. Styrkir v/NM2000	1.000.000 kr
5. Fjáröflun v/sérverkefna	1.300.000 kr
6. Aðrir styrkir og fjáröflun	1.200.000 kr

SAMTALS

11.795.000 kr

GJÖLD

1. Laun og launatengd gjöld	4.500.000 kr
2. Annar skrifstofukostnaður	1.300.000 kr
3. Akstur og ferðakostnaður	1.200.000 kr
4. Fundir, form. og aðrir	800.000 kr
5. Erlend samskipti	600.000 kr
6. NM2000	1.000.000 kr
7. Námskeið og fræðsla	200.000 kr
8. Æskulýðsstarf	800.000 kr
9. Lyfjapróf	250.000 kr
10. Afskriftir og vextir	150.000 kr
11. Annar kostnaður	950.000 kr

SAMTALS

11.750.000 kr

Mismunur

45.000 kr



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

ÁRSREIKNINGUR 1997

REKSTRARREIKNINGUR

01.01.TIL 31.12.1997

Tekjur:	Skýr.	1997	1996
Árgjöld Sambandsfélaga.....	(3)	6.382.500	6.689.000
Styrkur úr ríkissjóði.....	(1)	700.000	700.000
Útgáfa smárita og filmuleiga.....		48.613	
Rekstur Skógarhóla.....		256.305	279.050
Þjónusta v/F.T.....		77.378	53.535
Þátttaka H.Í.S. í æskulýðsstarfi.....		200.000	379.616
Vaxtatekjur.....		46.221	47.394
Aðrar tekjur.....		644.134	794.369
Tekjur alls		<u>8.355.151</u>	<u>8.942.964</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld á skrifstofu.....		3.365.406	3.285.661
Annar skrifstofukostnaður.....		1.979.980	1.841.455
Þinghald og fundir.....		613.142	558.892
Akstur og ferðakostnaður.....		399.815	509.030
Dómarafélag L.H.....		56.530	129.344
Kostn. v/nefnda L.H (Sameiningarn.o.fl.).....		101.865	303.059
Áningarhólf Hveravöllum.....		124.159	0
Æskulýðsstarf.....		504.420	878.271
Erlend samskipti.....		544.738	613.020
Útgáfa smárita og filmuleiga.....		0	84.461
Lyfjapróf.....		0	224.176
Annar kostnaður.....		160.621	128.751
Vaxtagjöld og verðbætur.....		49.448	33.424
Afskriftir áhalda og innr.....	(1)	19.755	31.253
Gjaldfærsla áskrifendaskrár H.O.....	(1)	97.500	97.500
Gjöld alls		<u>8.017.380</u>	<u>8.718.297</u>
Hagnaður af rekstri		<u>337.772</u>	<u>224.668</u>
Óráðstafað eigið fé:			
Yfirfært frá fyrra ári.....		4.799.293	4.042.337
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....		337.772	224.668
Matsbreyting húss Skógarhólum.....	(1)	165.000	459.000
Fyrning húsa í f.mati.....	(1)	73.288	73.288
Yfirfært til næsta árs		<u>5.375.352</u>	<u>4.799.293</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

	Skýr.	1997	1996
Aðrar eignir:			
Áskrifendaskrá Hestsins Okkar.....	(1)	<u>260.000</u>	<u>357.500</u>
Fastafjármunir:			
Kvikmyndir (gamlar).....		128.040	128.040
Skrifstofuáhöld og innréttingar.....		247.750	267.505
Skógarhólar, hús (fasteign).....	(1)	2.003.000	1.838.000
Raflögn Skógarhólum.....		2.663.836	0
Skógarhólar, Hraunrétt, endurb.....	(1)	<u>326.265</u>	<u>369.767</u>
Fastafjármunir		<u>5.368.891</u>	<u>2.603.312</u>
Veltufjármunir:			
Sjóður og bankainnistæður.....		1.000.733	1.700.737
Fyrirframgr.kostnaður og viðsk.kröfur.....		955.452	947.458
Útistandandi árgjöld.....		12.500	206.750
Birgðir (smárit,lög,reglug,myndb.).....	(1)	240.000	240.000
Bókabirgðir.....	(1)	<u>56.000</u>	<u>56.000</u>
Veltufjármunir		<u>2.264.685</u>	<u>3.150.945</u>
EIGNIR ALLS		<u><u>7.893.576</u></u>	<u><u>6.111.757</u></u>

31. DESEMBER 1997


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

	Skýr.	1997	1996
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé.....		<u>5.375.352</u>	<u>4.799.293</u>
Áningarhólfasjóður:			
Óráðstafað úr áningarhólfasjóði.....	(2)	<u>366.948</u>	<u>366.948</u>
Langtímalán:			
Skuldabréf Búnaðarb. Ísl nr. 4317.....		<u>1.200.080</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....		<u>951.196</u>	<u>945.517</u>
Skammtímaskuldir		<u>951.196</u>	<u>945.517</u>
Skuldir og áningarhólfasjóður samtals		<u>2.518.224</u>	<u>1.312.465</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS

7.893.576 6.111.758


Reykjavík, 20. júní 1998



Sigurgeir Bárðarson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1997.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri L.H. árið 1997, efnahag þess 31.12.1997 og breytingu á handbæru fé á árinu og mælum með, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20 júní 1998


Gísli B. Björnsson


Þorvaldur Þorvaldsson

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 1997

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:	1997	1996
Hagnaður ársins.....	337.772	224.667
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og gjaldfærður langtímakostnaður.....	374.247	245.543
Veltufé frá rekstri	<u>712.019</u>	<u>470.210</u>
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun.....	186.256	(326.827)
Skammtímaskuldir, hækkun/(lækkun).....	5.679	476.033
	<u>191.935</u>	<u>149.206</u>
 Áningarhólfasjóður hækkun/(lækkun)	<u>0</u>	<u>(60.247)</u>
 Handbært fé frá rekstri og áningarhólfasj.....	<u>903.954</u>	<u>559.169</u>
 FJÁRFESTINGAHREIFINGAR:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Rafvæðing Skógarhólum.....	(2.804.038)	
Tölvubúnaður.....	0	(128.105)
Fjárfestingahreyfingar	<u>(2.804.038)</u>	<u>(128.105)</u>
 FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:		
Tekið nýtt langtímalán.....	<u>1.200.080</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>1.200.080</u>	<u>0</u>
 HÆKKUN/(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	(700.004)	431.064
 HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	<u>1.700.737</u>	<u>1.269.673</u>
 HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	<u>1.000.733</u>	<u>1.700.737</u>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 1997

1) Reikningsskilaaðferðir:

- * Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1997 er saminn eftri sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús og gistiaðstaða á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati í árslok kr. 2.003.000.-
Mótfærsla matsbreytinga hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreikningur Landssambandsins.
Brunabótamat hússins 1/1.1998 var kr. 7.555.000.-, og vörslumannsskúrsins kr. 0, en vatryggingarfjárhæð hans er kr. 185.000.-
- * Óendurmetið kostnaðarverð endurbóta L.H. á Skógarhólum og vörslumannsskúrs var í árslok 1996 kr. 1.465.767.-, og afskriftir námu á sama tíma kr. 689.032.-.
Afskrift þessara eigna 1997 er 5% eða kr. 73.288.- og er hún færð til gjalda á rekstur Skógarhóla, en mótfærslan á eigið fé, þar sem húsið er eignfært á fasteignamati.
Eignfærðar framkvæmdir við Hraunrétt á Skógarhólum frá 1992 er í uppgjöri þessu afskrifað um 8% eða kr. 43.502.- og er sú afskrift einnig gjaldfærð á rekstur Skógarhóla.
Á árinu var kostnaður v/rafvæðingar á Skógarhólum kr. 2.804.038. Framkvæmdir þessar eru eignfærðar og voru afskrifaðar á árinu um 5% eða kr. 140.202.- og er sú afskrift gjaldfærð á rekstur Skógarhóla.
Afskrift skrifstofuáhalda og innréttinga er 10% á ári eða kr. 19.755.- á árinu 1997
Ýmiss eldri skrifstofubúnaður er fullafskrifaður.
- * Á árinu 1993 keypti L.H. áskrifendaskrá Hestsins Okkar og hugbúnað henni tengdan. Kaupverð skráarinnar og hugbúnaðarins var kr. 650.000.- og var fjárhæð þessi eignfærð, sem aðrar eignir í efnahagsreikningi. Í uppgjöri þessu er 15% þessarar fjárhæðar kr. 97.500.- gjaldfærð í rekstrarreikningi. Bókfært verð áskrifendaskrárinnar í árslok var kr.260.000.-
- * Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.
- * Birgðamat smárita, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 240.000. Bókabirgðir Hestsins Okkar kr 56.000.-eru einnig óbreyttar frá fyrra ári. Í uppgjöri Hestsins Okkar á fyrri árum var ekki lagt eignamat á birgðir óseldra blaða, svo er ekki heldur gert í uppgjöri þessu.
- * Á liðnum árum hefur L.H. oft fengið styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Á árinu 1997 nam styrkveiting til L.H. úr ríkissjóð kr. 700.000.

2) Óráðstafaður áningarhólfasjóður:

Ársþing 1990 ákvað að framvegis rynnu 2% af heildarsölu aðgangseyriss að lands-og fjórðungsmótum í áningarhólfasjóð. Staða sjóðsins greinist þannig :

Staða 31.12.1996	Kr.	366.948
Framlag í áningarhólfasjóð frá FM.1997,		
Sjá aths. að neðan	"	0
	Kr.	366.948
Frá dregst:		
Ráðstöfun 1997	Kr.	0
Óráðstafað 31.12.1997	Kr.	366.948

Fyrir árslok 1996 hafði verið samþykkt umsókn úr sjóðnum að að fjárhæð kr. 75.000.

Úthlutun þessi var óafgreidd í árslok 1997.

Í árslok 1997 lá ekki fyrir uppgjör á framlagi í áningarhólfasjóð frá FM 1997.

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.902- sem greitt var af til sambandsins og hefur fækkað um 317 frá fyrra ári. Fullt gjald er gr. fyrir 5.863 félagsmenn og unglingagjald fyrir 1.039. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi kr.6.382.500-(sjá sérstaka skrá aftast í ársreikningnum). Gjaldfríir félagar 70 ára og eldri voru 572.

Árgjöld samkvæmt uppgjöri L.H. 1997.

	Félagsmenn		Árgjöld
	Fullorðnir	Unglingar	
Andvari.....	248	60	278.000
Blakkur.....	40	2	41.000
Blær.....	33	13	39.500
Dreyri.....	111	30	126.000
Faxi.....	184	21	194.500
Fákur.....	575	170	660.000
Feykir.....	43	11	48.500
F. T.....	361	0	361.000
Freyfaxi.....	98	23	109.500
Funi.....	78	38	97.000
Geisli.....	16	2	17.000
Geysir.....	414	45	436.500
Glaður.....	105	3	106.500
Glófaxi.....	22	0	22.000
Glæsir.....	23	1	23.500
Gnýfari.....	32	16	40.000
Goði.....	22	6	25.000
Grani.....	44	1	44.500
Gustur.....	319	60	349.000
Háfeti.....	26	0	26.000
Hending.....	28	11	33.500
Hornfirðingur.....	101	14	108.000
Hringur.....	90	5	92.500
Hörður.....	278	92	324.000
Kinnskær.....	23	5	25.500
Kópur.....	78	9	82.500
Léttfeti.....	132	7	135.500
Léttir.....	221	51	246.500
Ljúffur.....	88	14	95.000
Logi.....	91	8	95.000
Máni.....	156	30	171.000
Neisti.....	65	5	67.500
Óðinn.....	16	2	17.000
Sindri.....	83	16	91.000
Skuggi.....	97	29	111.500
Sleipnir.....	228	17	236.500
Smári.....	162	35	179.500
Snarfari.....	27	3	28.500
Snæfaxi.....	58	3	59.500
Snæfellingur.....	161	32	177.000
Sóti.....	72	17	80.500
Stígandi.....	167	3	168.500
Stormur.....	45	10	50.000
Svaði.....	74	23	85.500
Sörli.....	228	44	250.000
Trausti.....	106	23	117.500
Þjálfí.....	72	3	73.500
Þráinn.....	41	14	48.000
Þytur.....	81	12	87.000
	5.863	1.039	6.382.500

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1997 var kr. 1.000.- og unglingagjald var kr.500.-)

**Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir
styrktu útgáfu ársskýrslunnar.
Peim eru færðar bestu þakkir
fyrir stuðning og velvilja.**

*Akureyrarbær
Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Eyjafjarðarsveit
Reiðlist, hestavöruverslun
Ástund, hestavöruverslun
Sandblástur og Málmhúðun
Sól – Víking
Flugfélag Íslands
Búnaðarbanki Íslands, Akureyri
Ferðamálamíðstöð Eyjafjarðar
Hnakkvirki
Fóðurvörudeild KEA
Byggingavöruverslun KEA
Mjólkursamlag KEA
MR búðin
Stíll ehf
Bautinn – Smiðjan
Foss-Hótel, Akureyri*